



## Stefna Lífeyrissjóðs bankamanna um meðferð persónuupplýsinga

### Almennt

Persónuverndarstefna þessi byggir á lögum 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Lífeyrissjóði bankamanna (sjóðnum) er umhugað um friðhelgi einkalífs og kappkostar að vernda þær persónuupplýsingar sem hann býr yfir. Sjóðurinn leggur áherslu á að meðhöndla persónuupplýsingar af ábyrgð og varkárni með trúnað og öryggi að leiðarljósi.

### Tegund upplýsinga

Persónuupplýsingar eru hvers kyns upplýsingar um einstakling sem gera mögulegt að persónugreina hann. Lífeyrissjóður bankamanna safnar aðeins þeim gögnum sem nauðsynleg eru í starfsemi sjóðsins.

Persónuupplýsingar sem sjóðurinn býr yfir verða einkum til við meðhöndlun umsókna um útgreiðslu lífeyris- og örorkugreiðslna og greiðslumat vegna lánsúmsókna. Helstu tegundir persónuupplýsinga eru:

Tengiliðaupplýsingar, s.s. nafn, kennitala, heimilisfang, tölvupóstfang og símanúmer.

Greiðsluupplýsingar, s.s. bankareikningar lífeyrisþega og upplýsingar um greiðslur til sjóðsins.

Viðkvæmar persónuupplýsingar, s.s. upplýsingar um greiðslugetu, láns hæfi og upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisástand. Öll meðferð slíkra upplýsinga fer fram í samræmi við fyrirmæli laga um persónuvernd og laga um starfsemi lífeyrissjóða.

### Meðferð persónuupplýsinga

(Sjóðurinn afhendir ekki viðkvæmar persónuupplýsingar til þriðja aðila nema að fengnu samþykki eða skylda til þess leiði af lögum.) Persónuupplýsingum er fargað um leið og unnt er.

Við meðhöndlun persónuupplýsinga er sérstaklega horft til aðgangsstýringa sem eru endurskoðaðar reglulega. Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um þær upplýsingar sem meðhöndlaðar eru í starfi.

Gögn eru vistuð á öruggum stað með aðgangsstýringu. Sjóðurinn vistar og vinnur eingöngu með þau gögn sem nauðsynleg eru í starfsemi sjóðsins. Öll gögn og vinnslur eru varin, þannig að einungis þeir sem heimildir hafa til að vinna með gögnin, sjá þau og/eða breyta, geta framkvæmt slíkar aðgerðir. Aðrir geta ekki skoðað gögnin.

Sjóðurinn leitast ætíð við að tryggja áráðanleika gagna sinna. Komi í ljós að upplýsingar séu rangt skráðar, eru þær uppfærðar. Öll gögn hjá sjóðnum eru afrituð til að tryggja að þau séu ætíð til staðar.

### Miðlun upplýsinga til þriðju aðila

Í tengslum við starfsemi sjóðsins kann að vera nauðsynlegt að miðla persónugreinanlegum upplýsingum til þriðju aðila. Slíkt er einungis gert ef um er að ræða vinnslu eða þjónustu sem er beinn hluti af rekstri sjóðsins. Slíkir aðilar geta verið ábyrgðaraðilar eða vinnsluaðilar eftir atvikum. Helstu dæmi um slíka aðila eru eftirfarandi:

Samstarfsaðilar t.d. aðrir lífeyrissjóðir og tryggingarstofnun.

Þjónustuaðilar sjóðsins, t.d. bankar eða innheimtufyrirtæki, hýsingaraðilar og fjarskiptafyrirtæki

Ráðgjafar sjóðsins, t.d. lögmenn, endurskoðendur, tryggingafræðingur og trúnaðarlæknir.

Sjóðurinn miðlar gögnum einungis að því marki sem nauðsynlegt er og heimilar þriðju aðilum ekki önnur not þeirra. Skjöl sem innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar skulu læst eða dulkóðuð áður en þau eru send með rafrænum hætti.

### Réttur til aðgangs

Sjóðfélagar geta óskað eftir aðgangi að eigin persónuupplýsingum sem sjóðurinn vistar um þá og verður sjóðurinn slíkar við slíkum beiðnum svo fremi lög, reglugerðir eða réttindi annarra standi ekki í vegi fyrir því.

### Persónuverndarfulltrúi / Tengiliður

Sjóðurinn hefur tilnefnt persónuverndarfulltrúa sem tekur m.a. við beiðnum einstaklinga og er tengiliður sjóðsins við Persónuvernd. Persónuverndarfulltrúi hefur umsjón með eftirfylgni þessarar persónuverndarstefnu.

### Breytingar

Persónuverndarstefna sjóðsins er í stöðugri skoðun og því kann að verða breytt. Sjóðurinn mun birta allar slíkar breytingar heimasíðu sinni [www.lifbank.is](http://www.lifbank.is).

Þannig samþykkt á stjórnarfundum Lífeyrissjóðs bankamanna 27. júní 2019



Ari Skúlason  
formaður



Ingólfur Guðmundsson  
varaformaður




Sigríður Logadóttir



Margrét Lilja Hrafnkelsdóttir



Sigurjón Guðmarsson



Þóra Valný Yngvadóttir